

REGLUR FYRIR MENNINGARSJÓÐ AKUREYRAR

Menningarsjóður Akureyrar er samheiti yfir samstarfssamninga, verkefna- og ferðastyrki sem Akureyrarbær veitir félögum og lögráða einstaklingum í menningarlífinu í bænum. Menningarsjóður var stofnaður á aldarafmæli Akureyrarbæjar, 29. ágúst 1962, með 300.000 kr. stofnframlagi bæjarsjóðs Akureyrar. Sjóðnum var síðar breytt þannig að um heimild á fjárhagsáætlun er að ræða í stað eiginlegs sjóðs.

- 1) Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi á Akureyri með fjárframlögum.
- 2) Helstu verkefni sjóðsins eru að:
 - a. styðja við lögráða einstaklinga og félög sem auðga menningarlíf í bænum með verkefna- og ferðastyrkjum.
 - b. gera samstarfssamninga við félagasamtök í bænum um menningarstarfsemi.
 - c. veita starfslaun til listamanna, sbr. samþykkt þar um.
 - d. styðja sérverkefni sem sjóðsstjórn kann að ákveða hverju sinni.
- 3) Stjórn Akureyrarstofu er sjóðsstjórn og tekur ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum en getur falið starfsmönnum Akureyrarstofu að ákveða veitingu smærri styrkja skv. sérstökum vinnureglum sem stjórnin samþykkir.
- 4) Við fjárhagsáætlunargerð hvers árs er ákvörðuð heildarfjárheimild Menningarsjóðs. Berist Akureyrarbæ peningagjafir sem ætlaðar eru til menningarstarfsemi bætist þær við Menningarsjóð.
- 5) Gerðir sjóðsstjórnar þarf ekki að leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar enda rúmist ákvarðanir hennar innan heimilda fjárhagsáætlunar.
- 6) Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Akureyrarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Um hæfi starfsmanna gilda einnig ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Samþykkt í stjórn Akureyrarstofu 4. febrúar 2015.

Úthlutunar- og vinnureglur Menningarsjóðs

- 1) Í styrkumsóknum skal þess getið hvernig verkefnið tengist menningarlífi á Akureyri. Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Menningarsjóði í febrúarmánuði ár hvert. Heimilt er að auglýsa aukaúthlutun ef fjárheimildir leyfa. Fjárhæð þeirra styrkja sem í boði eru fara eftir heimildum Menningarsjóðs í fjárhagsáætlun hverju sinni og hve hátt hlutfall styrkja er bundið samstarfssamningum.
- 2) Upphæðir samstarfssamninga geta verið á bilinu 100.000-800.000 kr. og upphæðir verkefnastyrkja á bilinu 50.000-300.000 kr.
- 3) Framkvæmdastjóri Akureyrarstofu og verkefnastjóri viðburða- og menningarmála geta í sameiningu afgreitt styrki allt að kr. 75.000. Um er að ræða annars vegar verkefnastyrki sem metnir eru út frá mælikvörðunum sem fram koma í grein 7 og ferðastyrki til listamanna til að fremja eða sýna list sína. Ferðastyrkur v/ listviðburðar innanlands nemi 25 þús. og styrkur vegna ferðar til útlanda nemi 50 þús. Hver listamaður getur einungis fengið einn slíkan styrk á ári.
Framkvæmdastjóri gerir stjórn ársfjórðungslega grein fyrir þeim styrkjum sem afgreiddir hafa verið.
- 4) Menningarsjóður Akureyrar styður ekki við hefðbundin stofn- og rekstrarkostnað, útgáfu, kaup á munum og skráningu gagna. Menningarsjóður styrkir ekki aðrar stofnanir Akureyrarbæjar.
- 5) Styrkþegar skrifa undir samning þar sem kveður á um fyrirkomulag greiðslu og hvernig Akureyrarstofu skuli getið í kynningarefni.
- 6) Styrkþegum ber að skila lokaskýrslu um árangur verkefnis en þeim skal ljúka sama ár og styrkveiting fer fram.
- 7) Við mat á umsóknum skulu Menningarstefna Akureyrar og reglur Akureyrar um styrki vera höfð til hliðsjónar. Jafnframt er mælt með eftirtöldum mælikvörðum við mat á forgangsröðun umsókna:
 - a) Auðgar verkefnið / starfsemin menningarlífið í bænum?
 - b) Felur verkefnið í sér frumsköpun og veitir frumflutningi brautargengi?
 - c) Hefur verkefnið sérstöðu?
 - d) Hefur verkefnið endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi?
 - e) Hverjar eru líkurnar á að verkið verði framkvæmt og það laði að frekara fjármagn?
 - f) Gæði, vinnsla og framsetning umsóknar.
 - g) Er sýnileiki Akureyrarstofu tilgreindur í umsókninni?
 - h) Hefur verið skilað lokaskýrslu frá síðustu styrkveitingu (ef við á)?